

Háskóli Íslands Jarðvísindastofnun
Snæbjörn Guðmundsson
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Áb.

08. sep. 2014

9.5.1

Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Hellu, 4. september 2014
Tilvísun: UST20140800117/ic

Leyfi til jarðfræðirannsókna innan friðlands Þjórsárvera

Vísað er til umsóknar Snæbjörns Guðmundssonar, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, dags. 26. ágúst sl., þar sem óskað er leyfis til jarðfræðirannsókna innan friðlands Þjórsárvera.

Lýsing framkvæmdar:

Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni sem fjallar um bergfræði Mið-Íslands spildunnar, aðallega eldstöðvakerfum Hofsjökuls og Kerlingarfjalla. Tilgangurinn er að afla bergsýna frá suðursvæði Hofsjökulseldstöðvarinnar, en það svæði afmarkast af Eiríksnípu í vestri og Arnarfelli hinu litla í austri. Mun til þess verða farin ein 3-5 daga rannsóknarferð í september eða október nú í ár. Þátttakendur verða 3-4 talsins og fara einungis fótgangandi um friðlandið.

Rannsóknin mun hafa með för í sér eitthvert rask á þeim jarðminjum sem sýni verða tekin úr, en leitast verður við að halda því í algeru lágmarki. Sýnatökustaðir verða alla jafna í föstu bergi í berggrunni svæðisins, s.s. í klöppum eða berggögum. Verða þau tekin með hamri; rask í raun ekki frábrugðið náttúrulegu rofi, og alla jafna ógreinanlegt fyrir ferðafólk. Eitt nútímahraun er á svæðinu, Jöklukrikahraun austan Söðulfells, og verða nokkur sýni tekin úr því. Ekkert er gert ráð fyrir röskun á gróðri eða truflun á dýralífi svæðisins. Endanlegur fjöldi sýna mun velta á aðstæðum þegar á staðinn verður komið, en hann er áætlaður 20-30. Sýnin verða unnin og greind við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

Áhrifamat:

Mat Umhverfisstofnunar er að röskun á svæðinu vegna framangreindrar rannsóknar sé óveruleg ef skilyrði vegna framkvæmdarinnar verða uppfyllt. Umhverfisstofnun heimilar því fyrir sitt leyti ofangreinda framkvæmd með eftirfrarandi skilyrðum:

Skilyrði:

Friðlandið í Þjórsárverum eru friðlýst skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 507/1987. Þess er vænst að allir í leiðangrinum kynni sér vel þær reglur sem um friðlandið gilda og að dýralíf verði ekki truflað meira en nauðsyn ber til. Upplýsingar um friðlandið er að finna á vef Umhverfisstofnunar, <http://ust.is/einstaklingar/natura/fridlyst-svaedi/sudurland/thjorsarver/>

- Leyfið gildir fyrir september og október 2014
- Leyfishafi skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan rannsóknir hans standa yfir á svæðinu.
- Frávik frá ofangreindri verkefnislýsingu skal tilkynna til undirritaðs svæðalandvarðar á Suðurlandi og miðhálendi, Ingibjargar Eiríksdóttur, s. 822-4034, netf. ingibjorg@ust.is
- Sýnafjöldi og magn skal takmarkaður við ofangreinda rannsókn

- Öllu raski við sýnatökuna skal haldið í algeru lágmarki og forðast að skerða gróður svo sem kostur er.
- Vanda skal frágang svæðis eftir sýnatöku og skal leita leiða til að ummerki eftir hana verði ekki ljós öðrum sem leið munu eiga um svæðið.
- Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá án endurgjalds cintak af öllum skýrslum og vísindagreinum umsækjanda, sem fjalla um rannsóknir innan svæðisins.
- Umhverfisstofnun leggur áherslu á að skv. 17. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun ekki hafa sérstakt eftirlit á staðnum með rannsókninni.

Svo sem kunnugt er, er friðlandið í Þjórsárverum fásarið. Umhverfisstofnun þiggur með þökkum allar ábendingar og upplýsingar frá leiðangursmönnum um ástand svæðisins, t.a.m. hvort varð verður utanvegaakstursfara, annarra skemmda á gróðri eða jarðminjum eða hvað svo sem athygli leiðangursmanna getur vakið.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Ingibjörg Eiríksdóttir
Ingibjörg Eiríksdóttir
Sérfræðingur

Afrit: formaður Þjórárveranefndar, Gísla Má Gíslason